

**Fjölmenningarsetur**

**07 329**

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Fjölmennigarsetur**

**kt. 521212-0630**

**Árnagötu 2-4, 400 Ísafjörður**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölmennigarsetur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Fjölmennigarsetur hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 70 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 80,6 milljónir og afkoma kr. -13,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -13,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 8,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölmennigarseturs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölmennigarseturs fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Nichole Leigh Mosty  
forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	60.400.000	54.000.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	19.682.435	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	538.136	286.231
<b>Tekjur samtals</b>		<u>80.620.571</u>	<u>54.286.231</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	67.430.599	49.782.059
Annar rekstrarkostnaður .....	5	25.648.780	16.265.456
Afskriftir .....	6	538.136	286.231
<b>Gjöld samtals</b>		<u>93.617.515</u>	<u>66.333.746</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(12.996.944)	(12.047.515)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(11.261)	(6.383)
		<u>(11.261)</u>	<u>(6.383)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(13.008.205)</u></u>	<u><u>(12.053.898)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.224.775	1.009.581
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.224.775</u>	<u>1.009.581</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	6.097.400	2.848.171
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>6.097.400</u>	<u>2.848.171</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>8.322.175</u>	<u>3.857.752</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		(13.008.205)	(12.053.898)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(13.008.205)</u>	<u>(12.053.898)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	8.779.735	5.596.983
Viðskiptaskuldir .....		2.043.623	720.878
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	4.942.881	3.491.512
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	5.564.141	6.102.277
<b>Skuldir samtals</b>		<u>21.330.380</u>	<u>15.911.650</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>8.322.175</u>	<u>3.857.752</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(13.008.205)	(12.053.898)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	538.136	286.231
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(538.136)	(286.231)
		<u>(13.008.205)</u>	<u>(12.053.898)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		10.234.091	13.238.086
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		2.774.114	(1.184.188)
		<u>13.008.205</u>	<u>12.053.898</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(1.753.330)	(152.188)
		<u>(1.753.330)</u>	<u>(152.188)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		1.753.330	152.188
		<u>1.753.330</u>	<u>152.188</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	60.400.000	54.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	538.136	286.231
	<u>60.938.136</u>	<u>54.286.231</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	59.900.000	0	0	59.900.000
Millifært úr varasjóð .....	500.000	0	0	500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>60.400.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>60.400.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(73.408.205)	0	0	(73.408.205)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(13.008.205)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(13.008.205)</b>

	2021	2020
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	1.585.035	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	12.000.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	6.097.400	0
	<u>19.682.435</u>	<u>0</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	53.188.837	40.771.554
Orlof, breyting .....	1.451.369	(451.588)
Launatengd gjöld .....	12.145.250	9.343.433
Starfsmannakostnaður .....	645.143	118.660
	<u>67.430.599</u>	<u>49.782.059</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	5,6	4,3
------------------------------	-----	-----

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.040.559	106.664
Ýmis tæki og áhöld .....	315.374	22.169
Orkugjafir .....	9.220	1.656
Matvæli .....	1.329.270	101.441
Almennar rekstrarvörur .....	170.116	33.134
Vörukaup, almenn	<u>2.864.539</u>	<u>265.064</u>
Kennslu- og fönðurvörur .....	243.118	0
Ýmsar sérgreindar vörur .....	5.298	0
Vörukaup, sérgreind	<u>248.416</u>	<u>0</u>

## Skýringar

	2021	2020
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	350.447	42.450
Ferðir, uppihald .....	3.353.694	2.576.349
Akstur .....	1.155.886	1.052.100
Sérfræðiþjónusta .....	9.155.808	5.092.611
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	89.153	6.045
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.246.559	58.300
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	602.600	57.181
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	15.954.147	8.885.036
Afnotagjöld .....	2.434.290	2.168.064
Leigugjöld .....	3.090.293	3.910.970
Verkkaup .....	118.740	61.046
Kostnaðarhlutdeild .....	938.355	975.276
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	6.581.678	7.115.356
Annar rekstrarkostnaður samtals	25.648.780	16.265.456
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	538.136	286.231
	538.136	286.231
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.224.775	1.009.581
	2.224.775	1.009.581
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:		
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2021 .....	2.263.973	2.263.973
Víðbætur á árinu .....	1.753.330	1.753.330
	4.017.303	4.017.303
Afskriftir 01.01.2021 .....	1.254.392	1.254.392
Afskrift ársins .....	538.136	538.136
	1.792.528	1.792.528
Staða 31.12.2021 .....	2.224.775	2.224.775

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	2.848.171
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	6.097.400	0
	<u>6.097.400</u>	<u>2.848.171</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	8.364.095	5.596.983
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	415.640	0
	<u>8.779.735</u>	<u>5.596.983</u>

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(12.053.898)	(3.930.640)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	12.053.898	3.930.640
Afkoma ársins .....	<u>(13.008.205)</u>	<u>(12.053.898)</u>
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(13.008.205)</u>	<u>(12.053.898)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 10 Ýmsar skammtímaskuldir

31.12.2021 31.12.2020

Ógreitt orlof .....	4.942.881	3.491.512
	<u>4.942.881</u>	<u>3.491.512</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021 31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	2.224.775	1.009.581
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	3.339.366	5.092.696
	<u>5.564.141</u>	<u>6.102.277</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	1.009.581	5.092.696	6.102.277
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	1.753.330	(1.753.330)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(538.136)</u>	<u>0</u>	<u>(538.136)</u>
	<u>2.224.775</u>	<u>3.339.366</u>	<u>5.564.141</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 12 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga. Samningarnir eru ótímabundnir. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema 4 millj. kr. og vegna þjónustusamninga 2,9 millj. kr.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.